

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
10. apríl 2013 10.5.1	
Tilv.	_____



Reykjavík, 10. apríl 2013
Tilvísun: UST20130400007/bs

Malarnám á Munkaþveráreyrum - Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að taka um 75.000 m³ á næstu fimm árum við norður og austur jaðar núverandi námusvæðis. Efnistaka hefur staðið yfir á Munkaþveráreyrum frá 1982 og er talið að síðan hafi verið tekið úr námunni 400.000 - 500.000 m³ af mól.

Í greinargerð kemur fram að lögð verði áhersla á frágang á eldri hlutum námunnar í tengslum við fyrirhugaða efnistöku og við fráganginn verði lögð áhersla á að aðlaga námusvæðið sem besta að óröskuðu landi. Að lokinni landmótun verður námusvæðið grætt upp.

Niðurstaða: Efnistaka hefur farið fram í námunni um alllangan tíma. Gera má ráð fyrir að helstu umhverfisáhrif efnistöku á þessum stað séu þegar fram komin. Fyrirhuguð efnistaka mun fara fram á afmörkuðu svæði við jaðar námunnar. Með markvissum frágangi námunnar ættu sjónræn áhrif efnistökkunnar helst að verða vegna efnishauga í námunni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur